



STARFSSKÝRSLUSKIL 2021

Á tímum kórónufaraldurs hefur reynt mikið á margvíslega úrvinnslu úr starfsskýrslum ÍSÍ, ekki síst í tengslum við fjárhagslegan stuðning ríkisins við íþróttahreyfinguna og þau úrræði sem í boði hafa verið til stuðnings íþróttastarfinu í landinu.

Mikilvægi skila starfsskýrslna hefur því aldrei verið meira en nú og ljóst er að leggja þarf sérstaka áherslu á ýmsa þætti í ársreikningsskilum til að auðvelda ÍSÍ að uppfylla kröfur um upplýsingar og yfirlit um umfang hreyfingarinnar.

Vinsamlegast lesið vandlega yfir eftirfarandi upplýsingar, sem eiga við starfsskýrsluskilin árið 2021.

Félagsaðildir og iðkanir

Hvert íþróttafélag þarf að skila inn upplýsingum um starfsemi ársins 2020, þ.e. um er að ræða starfstímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020, en ekki stöðuna á þeim degi þegar starfsskýrslu er skilað.

Þau íþróttafélög sem nota Nóra kerfið fyrir sína daglegu umsýslu geta stillt tengingar þannig að upplýsingar berist sjálfvirkir yfir í Felix kerfið. Felix les þá þær hreyfingar sem eiga sér stað á **starfsskýrslutímabilinu og bætir við þeim aðilum sem voru t.d. skráðir á vorönn 2020 þótt að þeir séu ekki lengur sjáanlegir í núverandi umhverfi félagsins.**

Það er í höndum íþróttafélaga að muna að skrá aðila eins og leikmenn meistaraflokka í starfsskýrslur, séu þeir ekki skráðir í Nóra kerfið og eins aðra þá hópa sem eiga að teljast sem iðkendur.

Til að vera skráður sem iðkandi þarf viðkomandi að uppfylla þær skilgreiningar sem eru í reglugerð ÍSÍ, en hugtökin eru skilgreind þannig:

- *Iðkandi er sá félagsmaður í íþrótt- eða ungmennafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttagreinar á vegum félagsins.*

Allir iðkendur viðkomandi félags eru félagsmenn en í félaginu geta einnig verið félagsmenn sem **ekki eru iðkendur**. Skilgreining ÍSÍ á félagsmanni er eftirfarandi:

- *Félagsmaður í íþrótt- eða ungmennafélagi er hver sá sem greitt hefur félagsgjald til félagsins ásamt þeim sem stjórn félagsins samþykkir að skuli skrá sem félagi, en er undanþeginn greiðslu félagsgjalds af sérstökum ástæðum.*

Til að vera skráður iðkandi þarf viðkomandi að „stunda“ (iðka) íþróttagrein á vegum félagsins. Í því felst t.d. að mæta á skipulagðar æfingar á vegum félagsins. Íþróttagreinar eru með misjafnt fyrirkomulag varðandi þetta en mjög mikilvægt er að íþróttagreinin sé stunduð á vegum félagsins.

Í iðkendatölum hafa sést skráningar þar sem vafi er um að viðkomandi aðili sé að iðka íþrótt á vegum félagsins, s.s. vegna aldurs (dæmi: 0-4 ára, +90 ára) eða búsetu viðkomandi aðila (dæmi: búseta erlendis). Það er á ábyrgð hvers íþróttafélags að tryggja að **eingöngu séu þeir skráðir sem iðkendur sem sannarlega iðka íþróttina það árið á vegum félagsins.**

Varðandi skráningu á félagsmönnum þá er ekki hægt að skylda forráðamenn að gerast félagar í íþróttafélagi. Það er valkvætt fyrir hvern einstakling að gerast félagsmaður og viðkomandi þarf þá jafnframt að segja sig formlega úr félaginu þegar viðkomandi hættir.

Það er mikilvægt að hvert íþróttafélag sé með góða yfirsýn vegna skráninga, bæði varðandi iðkendur og félagsmenn. Ef að mikil frávik eru í tölunum, miðað við fyrri ár eða þær tölur sem íþróttafélagið telur að eigi að vera í skýrslunni, er mikilvægt að skoða það frekar áður en skýrslunni er skilað.

Stjórnir

Mjög mikilvægt er að upplýsingar um stjórnir íþróttafélaga og deilda séu skráðar og uppfærðar í starfsskýrslur, þ.m.t. netföng og símanúmer. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að grunnupplýsingar um íþróttafélög séu réttar, þar sem þær upplýsingar eru notaðar við samskipti innan íþróttahreyfingarinnar.

Lykiltölur úr ársreikningum – skil í starfsskýrslu til ÍSÍ

Í starfsskýrslum er beðið um lykiltölur úr ársreikningum. Þessar tölur skipta máli gagnvart ýmsum þáttum í starfsemi íþróttahreyfingarinnar. Á síðasta ári kom það sér einstaklega vel að hafa aðgang að þeim tölum sem berast í starfsskýrslum þegar upplýsa þurfti ríkisvaldið um veltu íþróttahreyfingarinnar og kostnað við ýmsa þætti í starfsemi hennar. Fjárhagstölur í starfsskýrslum eru þannig hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar og mikilvægt er að tölurnar séu sem réttastar og ítarlegastar. Þá er nauðsynlegt að gott aðgengi sé að ársreikningum hverjum sinni, s.s. í gegnum heimasíður.

ÍSÍ hefur lengi verið með samræmda bókhaldslykla fyrir íþróttahreyfinguna og eru skil í starfsskýrslum miðuð við þá lykla. Ljóst er að þeir lykjar passa ekki við starfsemi allra eininga íþróttahreyfingarinnar og eru þeir frekar nær þörfum íþróttafélaga en þörfum sérsambanda og íþróttahéraða. ÍSÍ stefnir á að gefa út endurskoðaða bókhaldslykla síðar á árinu.

Við skoðun á tölum frá síðustu árum hefur komið í ljós að mikilvægt er að skerpa á nokkrum þáttum við starfsskýrsluskil í kerfi ÍSÍ:

- Allar tölur þurfa að vera skráðar í krónum (ekki í þúsundum króna).
- Allar einingar þurfa að skila inn lykiltölum úr ársreikningi þegar aðalfundur/ársþing hefur farið fram. Hægt er að sækja um frest á þeim skilum til ÍSÍ, fari viðkomandi viðburður fram eftir 15. apríl.
- Gjöld sem tengjast launa- og verktakagreiðslum eru í einhverjum tilfellum færð undir ákveðin verkefni eða aðra liði í ársreikningum. **Mjög mikilvægt er að sá kostnaður sé færður undir liðinn „Laun- og verktakagreiðslur” í starfsskýrslum, en ekki undir einstök verkefni, s.s. rekstur skrifstofu eða mannvirkja.** Ekki er þörf á að breyta ársreikningi viðkomandi aðila (gagnvart samræmingu við síðustu ár og uppsetningu bókhaldslykla), en í starfsskýrsluskilum þarf að færa þetta sbr. hér að ofan.

Til athugunar við gerð ársreiknings

Æskilegt er að ársreikningar séu aðgengilegir á heimasíðum íþróttafélaga og þar séu jafnframt ítarlegar og upplýsandi skýringar á helstu liðum. Þannig er liðurinn „**Framlög og styrkir**” mjög stór hjá mörgum aðilum og þar þarf að útskýra betur hvaðan styrkirnir koma, s.s. styrkir ÍSÍ, styrkir sveitarfélaga (og þá hvort um sé að ræða húsaleigustyrkir, styrkir vegna barna- og unglíngastarfs o.s.frv.), alþjóðlegir styrkir, styrkir fyrirtækja o.fl.

Á sama hátt er liðurinn „**Aðrar tekjur**” umfangsmikill og nauðsynlegt er að skýra þann þátt betur í ársreikningum.

Gagnvart „**Launa- og verktakagreiðslum**” þá er æskilegt að aðgreint sé í ársreikningi hver launakostnaður sé, bifreiðastyrkir og dagpeningar og svo verktakagreiðslur.

Það kom vel í ljós á síðasta ári þegar umræða var um bætur frá ríkisvaldinu vegna tekjutaps, að ekki eru nógu ítarlegar upplýsingar í þeim gögnum sem aðilar skila inn í gegnum starfsskýrslur og jafnframt er ekki aðgengi að öllum ársreikningum á heimasíðum.

Hjá íþróttafélögum er misjafnt hvort og hvernig kostnaður og um leið styrkir vegna mannvirkja eru færðir í bókhaldi, þ.e. þegar um íþróttaiðkun í mannvirkjum sveitarfélaga er um að ræða. Æskilegt er að kostnaður við þessa tíma sé færður í ársreikninga og um leið styrkur viðkomandi sveitarfélags. Ef að slíkt sé ekki mögulegt (þ.e. að færa þessar tölur í ársreikningi) ætti hið minnsta að vera skýring vegna þessa þar sem þessi kostnaður er tilgreindur (hvort sem um er að ræða rauntölur eða áætlun).

Ársreikningar eiga að endurspegla þann kostnað sem verður við íþróttastarfið og því er nauðsynlegt að kostnaður við mannvirki sé færður í ársreikninga og þá um leið hvernig hann er styrktur.

Gagnvart afreksstarfi sérsambanda og annarra þá er æskilegt að setja þann kostnað sem fellur ekki undir ferðakostnað eða áhöld og tæki undir liðinn **43999 Annað**, frekar en **74998 Önnur gjöld**. Það ætti að reyna að koma öllum gjöldum og tekjum fyrir á viðkomandi lyklum eftir eðli þeirra tekna og gjalda og það sem þá stendur eftir ætti þá að enda á liðunum **29998 Aðrar tekjur** og **78999 Önnur gjöld**.

Frekari upplýsingar má finna hér:

[Bókhaldslyklar íþróttahreyfingarinnar.pdf \(isi.is\)](#)

[Leiðbeiningar ÍSÍ um fjárreiður.pdf \(isi.is\)](#)